

**Fundargerð hjá stjórn Foreldrafélags Hörðuvallaskóla. Fundur haldinn þann 10. september 2018. Í Kringlunni 4-12**

Mættir: Björn Ásbjörnsson, Freygerður Anna Ólafsdóttir, Halla Björg Evans, Heiðar Ásberg Atlason og Marta Sigurjónsdóttir.

Fundarritari: Freygerður Anna Ólafsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Staðan á bekkjarfulltrúum.
2. Foreldrarölt
3. Niðurstaða fundar með Ágústi skólastjóra
4. Niðurstaða húsnæðisfundar
5. Foreldrarölt
6. Staða fundar með Bryndísi Jónsdóttur
7. Fyrirlestur fyrir foreldra
8. Önnur mál

**1. Staða bekkjarfulltúa**

Sendar hafa verið áminningar á alla þá aðila sem voru bekkjarfulltrúar síðastliðinn vetur og þeir beðnir um að finna áhugasama aðila í sínum bekkjum til þess að taka við keflinu. Enn vantar fulltrúa í marga bekki. Tengiliðir munu ýta en frekar við foreldrum.

**2. Foreldrarölt**

Röltplan fyrir veturinn er tilbúið. Marta lagði til að leitað verði eftir áhugasömum foreldrum til þess að taka auka rölt í vetur og var það samþykkt. Þar sem ekki verða námsefniskynningar verður sent bréf á foreldra þar sem mikilvæg rölts er á réttað. Einnig verða sigurvegarar röltkeppni látnir vita bréfleiðis.

**3. Fundur með Ágústi**

- Afþreying og aðstaða í frímínútum. Til stendur að færa körfuboltakörfur sem eru í Baugakór yfir í Vallakór. Einnig munu nemendur hafa kost á því að nýta knatthúsið tvö hádegi í viku til að byrja með. Verði sýnilegur áhugi nemenda á að nýta sér þá aðstöðu verður tekið til athugunar að fjölga þeim tímum.
- Myndavélakerfi sem setja átti upp er ekki komið í notkun. Verkefnið er í höndum verkfræðistofu og er einungis verið að bíða eftir álitum frá þeim hvar best er að koma vélunum fyrir.
- Námskynningar verða ekki þetta árið og þarf stjórn að koma upplýsingum um starfsemi foreldrafélagsins til foreldra eftir öðrum leiðum.

- Bekkjarkvöld – Fram til þessa hafa foreldrar verið boðaðir á sýningar hjá nemendum snemma á þriðjudagsmorgnum. Í vetur verða þessar sýningar á bekkjarkvöldum með kennurum. Á bekkjarkvöldum nemenda í 8 – 10 bekk verður sýndur afrakstur þeirra verkefna sem þau hafa unnið að. Með þessu móti gefst færi á meiri gæðastund með foreldrum heldur en verið hefur.

#### 4. Niðurstaða húsnæðisfundar

Miðað við þær forsendur sem verið er að vinna út frá í dag er ekki skortur á húsnæði fyrir nemendur við Hörðuvallaskóla næstu þrjú árin. Fjöldi nemenda í dag er undir þeim áætlunum sem gerðar hafa verið og því rými til að taka við fleirum.

#### 5. Fundur með Bryndísi

Fulltrúaráðsfundur með bekkjarfulltrúum verður haldinn þann 4. október. Bryndísi Jónsdóttir frá Heimili og skóla mun koma og halda kynningu fyrir bekkjarfulltrúa.

#### 6. Fyrirlestur foreldra

Beðið er svara frá ráðgjafafyrirtækinu Kvan.

#### 7. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir önnur mál á fundinum.

Fundir slitið

#### Verkefni

Bekkarfulltrúa í 1. - 4. bekk	Halla Björg Evans
Bekkarfulltrúa í 5. -7. bekk	Linda Björk Hilmarsdóttir
Bekkarfulltrúa í 8. – 10. bekk	Sigurlaug Gissurardóttir
Kynningarbréf foreldrarölt	Heiðar Ásberg Atlason
Doc skjal fyrir áhugasama röltara	Marta Sigurjónsdóttir
Upplýsingar til sigurvegara röltkennara	Heiðar Ásberg Atlason